

Alþingi  
Erindi nr. *Þ* 140/336  
komudagur 18.11.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

*Fylgibréf*

Sendandi: **Anna Pála Sverrisdóttir**  
Dags: **18.11.2011**  
Tilvísun: **UTN11100119/03.G.002; 39.A.200**  
Málefni: **Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.**

Hjálögð fylgir umsögn utanríkisráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 7 — 7. mál.



## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 15. nóvember 2011  
UTN11100119/03.G.002; 39.A.200  
JEE/rep

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 7 — 7. mál.

Utanríkisráðuneytið fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Sú stefnumótun sem felst í tillögunni getur orðið mikilvægt innlegg í málflutning íslenskra stjórnvalda um græna hagkerfið á alþjóðavettvangi á komandi misserum.

Grænt hagkerfi og sjálfbær þróun eru þverlæg málefni sem ná til umhverfismála, hagstjórnar og samfélagslegra þátta. Síðustu ár hefur alþjóðasamfélagið beint sjónum í æ ríkara mæli að grænu hagkerfi sem stuðlar að hagþróun og bættum lífskjörum en dregur jafnframt úr álagi á umhverfið og auðlindir heims. Grænt hagkerfi felur í sér þróun efnahagskerfis sem miðar að sjálfbærri nýtingu á náttúruauðlindum og jafnframt sjálfbærri neyslu og framleiðslu.

Fyrir dyrum stendur ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Ríó + 20, sem haldin verður dagana 4.-6. júní á næsta ári. Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að megináhersla ráðstefnunnar í Ríó verði á græna hagkerfið, útrýmingu fátæktar auk endurskoðunar stofnananlegrar umgjörðar um sjálfbæra þróun. Þar gefst einstakt tækifæri til að skilgreina hugtakið og ræða aðgerðir sem miða að því að gera hagkerfi heimsins grænni. Yfirskrift ráðstefnunnar vísar til þess að þá verða tuttugu ár liðin frá því að leiðtogafundurinn um sjálfbæra þróun var haldinn.

Ísland hóf undirbúning ráðstefnunnar fyrir á þessu ári og starfar nú sérstakur samráðshópur stjórnarráðsins undir forystu utanríkisráðuneytisins að honum. Mun Ísland leggja sérstaka áherslu á málefni hafsins, endurnýjanlega orku, landgræðslu og jafnréttismál. Í tengslum við undirbúninginn hefur verið efnt til kynningarfundar með hagsmunaaðilum og frjálsum félagasamtökum auk þess sem innlegg sem fjallar um áhersluatriði Íslands hefur verið lagt fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og má finna það á sérstakri vefsíðu SP um ráðstefnuna. Auk þeirra áhersluatriða sem að framan eru talin, tekur Ísland undir hugmyndir um nauðsyn þess að setja fram leiðarvísi fyrir grænt hagkerfi og því til stuðnings verði settir sérstakir mælikvarðar. Þetta er til samræmis við þá stefnumótun og framsetningu sem m.a. má finna í stefnu Íslands um sjálfbæra þróun.

F.r.